

Rannsókn á fráveitubrunni á gatnamótum Lindargötu og Frakkastígs í Reykjavík



Lísabet Guðmundsdóttir
FS748-19221
2019



Rannsóknarnúmer

201907-049

ÞJMS númer

2019-70

Stutt lýsing rannsóknar

Rannsókn vegna framkvæmda í götustæði Frakkastígs og Lindargötu. Í götunni var brunnur sem er talinn vera frá árinu 1915.

Tegund rannsóknar

Framkvæmdarannsókn

Staðsetning

Á gatnamótum Frakkastígs og Lindargötu í miðbæ Reykjavíkur

GPS hnit

A: 357692 N:408029

Rannsóknartími

Júlí 2019

Leyfishafi

Lísabet Guðmundsdóttir

Fjöldi starfsmanna

1

Forsíðumynd

Á forsíðu er mynd af frárennslisbrunninum og Lindargötu. (Mynd tekin í vesturátt)

Fornleifastofnun Íslands 2019

Bárugata 3

101 Reykjavík


Sími: 551 1033

Netfang: fsi@fornleif.is

Heimasíða: www.instarch.is

Inngangur

Þann 5. júlí hafði Rebekka Rut Petersen hjá Veitum samband við Fornleifastofnun Íslands vegna fráveitubrunns á gatnamótum Lindargötu og Frakkastígs sem var talinn vera frá árinu 1915 og þar af leiðandi fornminjar samkvæmt lögum um menningarminjar. Guðný Gerður Gunnarsdóttir, minjavörður Reykjavíkur setti fram skilyrði í tölvupósti dagsettur 5. júlí 2019 um að brunnurinn skildi vera skráður af fornleifafræðingu. Rannsóknin hófst 12. júlí og lauk samdægurs. Lísabet Guðmundsdóttir, fornleifafræðingur, sá um verkið og úrvinnslu þess.



Rannsókn


Búið var að grafa frá fráveitubrunninum niður á botn hans af verktaka þegar skýrsluhöfundur hóf sitt verk. Brunnurinn var ferhyrndur, 1,2 m á lengd og breidd og 1,4 m á hæð. Hann var hlaðinn úr steiptum einingum og lágu lagnir frá honum til vesturs inn Lindargötu og til suðurs upp Frakkastíginn og norður niður Frakkastíginn. Lagnirnar voru steiptar en í kring mátti sjá að þarna voru áður lagnir úr leir.



Mynd 1. Fráveitubrunnur á gatnamótum Lindargötu og Frakkastígs (Mynd tekin í V)



Mynd 2. Horft niður Frakkastíginn. (Mynd tekin í N)



Mynd 3. Uppmæling á frárennslisbrunni og lögnum.

Fyrir daga vatnsveitunnar sóttu Reykvíkingar vatn í brunna sem var oftast en ekki daunillt brunnvatn. Árið 1909 var Vatnsveita Reykjavíkur stofnuð. Vatn var leitt frá Gvendarbrunnum til Reykjavíkur.¹ Með komu vatnsveitunnar komu einnig lokuð skólpræsi í stað hinna opnu.² Áður fyrr var skólpræsi frá húbýlum Reykvíkinga leitt í opin ræsi og fylgdi því mikill óþrifnaður og skýkingarhætta. Gerð holræsa hófst áður en framkvæmdir við vatnsveituna hófust og var það fyrsta lagt í gangstétt í Bankastræti árið 1897. Holræsin lágu öll út í Tjörn eða í Lækinn. Breyting varð á þegar vatnsveita var lögð því samhliða var unnið að lagningu holræsa í Reykjavík. Árið 1908 urðu breytingar á heilbrigðissamþykkt um að húseigendur við þær götur sem búið var að leggja í yrði gert skilt að leiða skólpræsi frá húsum í lokuðum leiðslum. Árið 1911 skilaði Sigurður Thoroddsen bæjarverkfræðingur uppdrætti að gerð holræsa fyrir Miðbæinn og árið 1914 var búið að leggja ræsi í nær allar götur bæjarins.³ Frárennslisbrunnurinn á gatnamótum Lindargötu og Frakkastígs er þar af leiðandi frá 1911-1914 og í hópi yngstu fornleifa á Íslandi.

¹ Hilmar Garðarsson. 2009. Bls. 82

² Hilmar Garðarsson. 2009. Bls. 113

³ Hilmar Garðarsson. 2009. Bls. 115-116

Heimildaskrá

Hilmar Garðarsson. 2007. *Saga vatnsveitu Reykjavíkur 1909-1999*. Orkuveita Reykjavíkur.
Reykjavík

